



Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði þriðjudaginn 14. janúar 2014 í Kirkjubæjarstofu.

Fundur hefst kl. 13⁰⁰ í Kirkjubæjarstofu.

Þetta er 366. fundur sveitarstjórnar, 1. fundur ársins 2014.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 4 blaðsíður.

Guðmundur Ingi oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Pórunn Júlíusdóttir boðaði forföll, í hennar stað mætir Rannveig Bjarnadóttir.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskra bætist:

I. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

4. Vottorð til aflýsingar á veðheimild á Skaftárvöllum 6.

III. Fundargerðir til kynningar

5. 5. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 13. janúar 2014.

IV. Annað kynningarefni

4. Skýrsla KPMG um innra eftirlit.

5. Bréf frá ASÍ um gjaldskrárhækkanir, dags. 13. janúar 2014.

Dagskrábreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Nýr aðalmaður Ó lista í sveitarstjórn.

Jóhanna Jónsdóttir fulltrúi Ó lista óskar eftir lausn frá setu í sveitarstjórn Skaftárhrepps þar sem hún hefur flutt lögheimili sitt frá áramótum 2013 - 2014.

Sveitarstjórn þakkar Jóhönnu samstarfið og óskar henni velfarnaðar í þeim störfum sem hún tekur sér fyrir hendur í framtíðinni.

Sverrir Gíslason tekur sæti aðalmanns í sveitarstjórn og einnig við formennsku í fræðslunefnd.

Nýr aðalmaður í fræðslunefnd verður Ólöf Ragna Ólafsdóttir.

Sveitarstjórn felur kjörnefnd að útbúa ný kjörbréf í samræmi við breytingarnar.



2. Vinna við aðalskipulagsbreytingu í þéttbýli.
Fyrir fundinum liggja vinnugögn vegna breytinga á aðalskipulagi þéttbýlis á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn yfirfer vinnugögnin.
3. Erindi frá Erlendi Björnssyni um bætur vegna skerts vatnsrennslis í Grenlæk og tafarlaugar endurheimtir linda.

Borist hefur erindi dags. 6. janúar 2014, frá Erlendi Björnssyni þar sem fram kemur að skert rennslis linda sem koma undan Eldhrauni hafi valdið miklum erfiðleikum og fjárhagslegu tjóni í rekstri vatnsaflvirkjunar í Seglbúðum. Í bréfinu er spurt: „Ætlar sveitarstjórn að bæta rekstraraðilum virkjunarinnar það tjón sem þeir hafa orðið fyrir og að vinna að tafarlausri endurheimt lindanna þannig að viðvarandi og fyrirsjáanlegu tjóni verði forðað?“
Sveitarstjórn telur sig ekki bótaskylda vegna rekstrarerfiðleika vatnsaflsvirkjunar í Seglbúðum. Unnið er að því, með samstarfi Umhverfissráðuneytis, Skaftárhrepps, Vegagerðar, Landgræðslunnar og Veidimálastofnunar, að finna varanlega lausn á gróðureyðingu og stýringu vatnsrennslis úr Skaftá út á Eldhraun með sem bestum árangri fyrir alla þætti náttúrunnar.

Þorsteinn óskar bókunar:

„Á 329. fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps, þann 14. febrúar 2011, voru tekin fyrir bréf frá leigutökum veiðiréttar Grenlækjar og bréfi til umhverfissráðuneytis frá Veidimálastofnun, þar sem enn og aftur er vakin athygli á vatnshurrð á lindarvatni í Landbroti og Meðallandi og alvarleika þess gagnvart lífríki á því svæði. Með bókun á þeim fundi óskaði ég eftir að umhverfisyfirvöld og Skaftárhreppur beittu sér strax fyrir aðgerðum til verndar lindarvatnsins og lífríkisins. Á þeim fundi greindi ég jafnframt frá því fjárhagslega tjóni, sem veiðiréttihafar í Grenlæk hafa orðið fyrir, frá því að vatn út á Eldhraun var skert. Þessi afstaða mín var ítrekuð á 330. fundi sveitarstjórnar þann 14. mars 2011. Í báðum tilfellum vísaði meirihluti sveitarstjórnar málinu til stýrihóps um málefni Skaftár. Nú í byrjun árs 2014 hefur enn ekkert bólað á aðgerðum.

Auk þessa má benda á að stíflun Skaftárvatns út á Eldhraunið hefur þýtt veitingu óþarfa vatns og aurs yfir mannabyggðir austur með Síðu. Sú veiting hefur leitt til hækkunar farvegar Skaftár við Stjórnarsand og ef ekkert verður að gert kemur t.d. flugvöllurinn á Stjórnarsandi til með að hverfa innan fárra ára.

Það að bréf berist sveitarstjórn, þar sem spurst er fyrir um skaðabætur frá sveitarfélaginu, ættu því ekki að koma sveitarstjórnarmönnum á óvart. Það er því krafa að sveitarstjórn og stýrihópur um málefni Skaftár fari strax í að leita sáttar við vatnsréttarhafa með því markmiði að hefja aðgerðir til verndar lindarvatni í Landbroti og Meðallandi og forða sveitarsjóði frá hugsanlegri greiðslu skaðabóta vegna málsins.“



4. Vottorð til aflýsingar veðskuldabréfi af Skaftárvöllum 6.
Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar að aflýsa veðskuldabréfi með verðtryggingu dagsett 31. desember 1995 til 15 ára, upphaflega að fjárhæð 962.012 krónur – níuhundruð sextíu og tvöþúsund og tólf krónur, innfært í þinglýsingabók 22.10.1996, skjal nr. 234/96. Lánið er að fullu uppgreitt.
Sveitarstjórn samþykkir aflýsingu veðskuldabréfsins úr þinglýsingabók og felur sveitarstjóra að ganga frá vottorði þess efnis.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 99. fundur skipulags- og bygginganefndar, 9. janúar 2014.
Skipulagsmál.
 1. Þykkvibær II – stofnun lóðar.
afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
 2. Giljaland – staðfesting deiliskipulags
afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
 3. Iðjuvellir 1 – staðfesting deiliskipulags
afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerðin í heild samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 159. fundur stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands, 19. desember 2013.
2. 475. fundur stjórnar SASS, 16. desember 2013.
3. 811. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 13. desember 2013.
4. 4. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 27. nóvember 2013.
5. 5. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 13. janúar 2014.

IV. Annað kynningarefni.

1. Ályktanir aðalfundar Kennarafélags Suðurlands, bréf dags. 3. desember 2013.
2. Starfsleyfi urðunarstaðar á Stjórnarsandi, útg. 27. nóvember 2013 og gildir til 27. nóvember 2029.
3. Skýrsla KPMG um stjórnarsýsluendurskoðun 2013.
4. Skýrsla KPMG um innra eftirlit 2013.
5. Bréf frá ASÍ um gjaldskrárhækkanir, dags. 13. janúar 2014.



V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 16:05.

Næsti fundur boðaður með dagskrá þriðjudaginn 11. febrúar 2014 kl. 13:00.

Guðmundur Ingi Ingason

Þorsteinn M. Kristinsson

Jóhannes Gissurarson.

Rannveig Bjarnadóttir

Sverrir Gíslason